

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald . . . . .	Kr.	6 600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald . . . . .	Kr.	3 300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki	flokkur 1	Sorpeyðingargjald . . . . .	Kr.	3 300
	flokkur 2	Sorpeyðingargjald . . . . .	Kr.	6 600
	flokkur 3	Sorpeyðingargjald . . . . .	Kr.	20 000
	flokkur 4	Sorpeyðingargjald . . . . .	Kr.	40 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 29. janúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

I. KAFLI

**Inngangsákvæði.**

1. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skulu halda bókhald yfir kaup sín og sölu á virðisaukaskattskyldum vörum og þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Gildir þetta einnig um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald.

Skattaðilar, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, sbr. 3. gr. laga nr. 51/1968, skulu haga bókhaldi sínu eftir ákvæðum IV. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla.

Skattaðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir eða eru undanþegninir skyldu til að halda tvíhliða bókhald, skulu halda bókhald vegna virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla.